

Nd.

501. Nefndarálit

[177. mál]

um frv. til l. um lagagildi samnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., um álbræðslu við Straumsvík.

Frá 2. minni hl. álbræðslunefndar.

Undirritaður minni hluti er andvígur því, að frumvarp þetta um lagagildi álbræðslusamningsins nái fram að ganga. Liggja til þess ýmis rök, sem gerð verður grein fyrir í álitinu þessu.

Við teljum samninginn óhagstæðan og m. a. af þeim sökum óaðgengilegan, og einnig er svo ástætt í atvinnu- og efnahagslífi landsmanna, að mjög varhugavert er að leggja út í stórfamkvæmdir af því tagi, sem um ræðir.

Við erum andstæðir þeirri skoðun, sem mjög er á loft haldið og telja má grunntóninn í málatilbúnaði ríkisstjórnarinnar, að nauðsynlegar raforkuframkvæmdir í landinu og þá fyrst og fremst Þjórsárvirkjun til almenningsþarfa á Suður- og Suðvesturlandi sé óhugsandi án þess að tengja slíka nauðsynjaframkvæmd álbræðslu útlendinga í Straumsvík. Við viljum þannig sérstaklega vara við þeirri skoðun, að Þjórsárvirkjun og álbræðsla séu samofin og óaðskiljanleg mál. Hið sanna er, að Þjórsárvirkjun er mjög hagstæð, enda þótt ekkert álver sé reist, og allar líkur benda til þess, að hið lága raforkuverð til útlenda stóriðjufyrirtækisins verði einmitt til þess að hækka rafmagnsverð til innlendra aðila, þ. e. heimilis- og iðnaðarnotkunar á Suðurlandi. Ef svo fer, sem allar líkur benda til, þá er árangurinn af álsamningnum algerlega neikvæður út frá höfuðsjónarmiði talsmanna hans.

Vert er að benda á í þessu sambandi, að hæfileg virkjun í Þjórsá er þrátt fyrir allt ekki stærra fyrirtæki en Sogsvirkjunin var á sínum tíma, og miðað við það er Íslendingum sízt ofvaxið að ráðast í slíkt fyrirtæki án þess að gangast undir annarlega samninga um stórrekstur útlendinga í landinu.

### Afstaða Framsóknarflokksins til erlends atvinnurekstrar.

Framsóknarflokkurinn hefur frá öndverðu fylgt fast fram þeirri megin stefnu, að atvinnureksturinn í landinu væri í höndum landsmanna sjálfra. Eitt af fyrstu verkum flokksins, eftir að hann myndaði ríkisstjórn árið 1927, var að koma því til vegar, að mikilvæg atvinnugrein, sildarvinnslan, sem þá var að verulegu leyti í höndum útlendinga, kæmist alveg í hendur Íslenzkra aðila. Þessi stefna flokksins hefur verið byggð á þeirri staðreynd, að erlend fyrirtæki geti aldrei jafnast á við innlend fyrirtæki fyrir þjóðarbúið, og jafnan fylgi því margvísleg áhætta fyrir sjálfstæði þjóðarinnar, ef erlendir aðilar ráði yfir atvinnurekstri í landinu, svo að einhverju nemur. Gömul og ný reynsla Íslendinga hefur sannað þetta.

Framsóknarflokknum hefur verið ljóst, að til þess að auka og efla atvinnuvegina væri þörf fyrir erlent fjármagn innan hæfilegra marka. Hann hefur kosið, að þetta fjármagn væri fengið með lántökum, sem ráðstafað væri til atvinnuveganna eða til að koma upp orkuverum og vissum stóriðjufyrirtækjum á vegum Íslendinga sjálfra. Flokkurinn hefur haft forgöngu um margar slíkar lántökur, m. a. til byggingar áburðarverksmiðju og sementsverksmiðju.

Flokkurinn hefur jafnframt þessu talið það geta komið til greina, að höfð yrði samvinna við erlend einkafyrirtæki um að reisa hér tiltekin stóriðjufyrirtæki. Flokkurinn hefur jafnframt lagt megináherzlu á, að fyllstu varúðar yrði gætt í þessum efnunum og svo búið um hnútana, að ekki stafaði hætta af fyrir sjálfstæði þjóðarinnar.

Um það leyti, er Framsóknarflokkurinn var stofnaður, var það mjög á dagskrá, að útlendingum yrði veitt leyfi til orkuvirkjana og stóriðju í sambandi við þær. Sökum fátæktar þjóðarinnar þá sáu menn ekki aðra leið mögulega, ef hefjast ætti handa um meiri háttar vatnsvirkjanir. Mjög var þá um það deilt, hvort rétt væri að fara inn á þessa braut. Stundum voru þá þeir kallaðir innilokunarmenn, sem vildu hafna allri samvinnu við útlendinga um þessi mál, en hinir opingáttarmenn, sem vildu hafa sem minnstar hömlur í þessum efnunum. Á fyrsta flokksþingi framsóknarmanna, sem haldið var á Þingvöllum 1919, var samþykkt að fara eins konar meðalveg, útiloka ekki slíka samvinnu við útlendinga með öllu, en gæta hins vegar fyllstu varúðar í slíkum skiptum. Í sérstakri ályktun, sem flokksþingið gerði um þetta mál, segir, að leyfa megi „eínungis eina stórvirkjun til iðju hér á landi, þar til fengin er reynsla um afleiðingar fyrirtækisins“, og að leyfi til slíkrar stórfraamkvæmdar megi „aldrei veita, nema Alþingi tvisvar, fyrir og eftir kosningar, fallist á það“. Segja má, að þessi afstaða flokksþingsins 1919 hafi mótað síðan viðhorf Framsóknarflokksins, sem hefur verið fólgið í því að útiloka ekki alveg slíka samvinnu við útlendinga, en gæta fullkomnustu varfærni, ef til kæmi.

Á flokksþingum framsóknarmanna, sem síðar hafa verið haldin, hefur það nokkrum sinnum verið áréttað, að komið gæti til greina að hafa samvinnu við erlenda einkaaðila um tiltekna stóriðju, en alltaf tekið fram, að sýna bæri fyllstu varúð í slíkum viðskiptum.

Í samræmi við þessa afstöðu hefur flokkurinn talið rétt, að kannaðir yrðu möguleikar, sem gætu verið fyrir hendi í þessum efnunum. Í framhaldi af því taldi flokkurinn líka rétt, eftir að kunnugt varð um viðræður núv. ríkisstjórnar við svissneska áhringinn um byggingu álbræðslu, að þeim viðræðum yrði haldið áfram og það leitt í ljós, hvaða kostir stæðu þar til boða. Í þessu fólst að sjálfsögðu engin skuldbinding af hálfu flokksins um að fylgja þeim samningum, sem ríkisstjórnin og áhringurinn kynnu að ná samkomulagi um.

Áður en viðræður þessar milli ríkisstjórnarinnar og áhringsins komust á loka-stig, taldi Framsóknarflokkurinn rétt að gera nánari grein fyrir þeim skilyrðum, sem hann áleit, að þyrftu að vera fyrir hendi, ef samningar við áhringinn ættu að takast. Því var á aðalfundi miðstjórnar Framsóknarflokksins í marz 1965 samþykkt eftirfarandi varðandi þetta mál:

„Rétt er, að kannaðir séu möguleikar á uppbyggingu einstakra stærri iðngreina með beinni þátttöku erlends fjármagns samkvæmt sérstökum lögum og samningi hverju sinni, enda sé nægilegt vinnuafli fyrir hendi og slík atvinnufyrirtæki liður í skipulegri uppbyggingu atvinnuveganna, en megi aldrei verða til þess, að slakað sé á eða dregið úr eflingu íslenskra atvinnuvega. Slík atvinnufyrirtæki yrðu að öllu leyti að lúta íslenskum lögum. Megináherzlu ber að leggja á, að staðsetningu slíkra fyrirtækja sé, ef til kemur, þannig hagað, að hún stuðli að jafnvægi í byggð landsins. Þess sé og jafnan gætt að tryggja efnahagslegan og tæknilegan grundvöll þess, að Íslendingar geti sem fyrst tileinkað sér þá þekkingu og verkunnáttu, sem flytjast kann inn í landið á þennan hátt, svo að slíkur iðnaður geti orðið alíslenskur sem allra fyrst. Þess sé og jafnan gætt, að erlend fjárfesting verði aldrei nema litill hluti af heildarfjárfestingu þjóðarinnar.

Í tilefni af samningaumleitunum, sem nú standa yfir um alúminvinnslu hér á landi, lýsir miðstjórnin því yfir, að slíkt stórmál megi ekki afgreiða nema sem lið í heildaráætlun í framkvæmda- og efnahagsmálum og ekki tiltök að hefja þær framkvæmdir við þá verðbólguþróun og vinnuafllsskort, sem íslenskir atvinnuvegir búa nú við. Eins og sakir standa er því ný stefna í efnahags- og atvinnumálum landsins forsenda þess, að unnt sé að ráðast í stóriðju. Hið erlenda fyrirtæki njóti engra hlunninda umfram íslenska atvinnuvegi og lúti í einu og öllu íslenskum lögum og raforkusala til þess standi a. m. k. undir stofnkostnaði virkjunar að sínu leyti. Enn fremur hafi íslensk stjórnvöld á hverjum tíma íhlutun um skipun stjórnar verksmiðjunnar og meiri hluti stjórnenda sé íslenskir ríkisborgarar. Miðstjórnin minnir sérstaklega á, að staðsetning alúminverksmiðju á mesta þéttbýlissvæði landsins mundi, eins og nú háttar, auka mjög á ójafnvægi í byggð landsins. Að óbreyttum þeim ástæðum felur miðstjórnin framkvæmdastjórn og þingflokki að beita áhrifum sínum þannig, að verksmiðjan verði staðsett annars staðar.“

Í desembermánuði síðastliðnum var það tilkynnt af hálfu ríkisstjórnarinnar, að náðst hefði samkomulag milli hennar og álhringsins í aðalatriðum. Framsóknarflokkurinn hafði með þátttöku sinni í þingmannanefnd átt þess kost að fylgjast með gangi málsins, en þó þannig, að farið yrði með þá vitneskju sem trúnaðarmál. Þar sem Framsóknarflokknum var kunnugt um efni áður nefnds samkomulags, taldi hann ekki rétt að draga það að lýsa yfir andstöðu sinni við það, þótt það hefði enn ekki verið birt í öllum atriðum. Andstaða Framsóknarflokksins var að sjálf-sögðu fyrst og fremst byggð á því, að með þessu samkomulagi væri ekki fullnægt þeim skilyrðum, er fólust í áður greindri ályktun miðstjórnar flokksins.

#### Efnahagsástandið. — Vinnuafllsskorturinn.

Eitt af því, sem mælir einna mest gegn staðfestingu Alþingis á álsamningunum, eins og þá ber að, er hið ótrygga ástand efnahagsmálanna, þ. e. verðbólgu- og dýrtíðarþróunin ásamt ofþenslu á vinnumarkaði, sem ekki er sjáanlegt, að sé í neinni rénun.

Verðbólguvöxturinn hefur verið geigvænlega ör hin síðari ár og sízt minnkað á valdaárum núverandi stjórnarsamsteypu, sem setið hefur að völdum nærfellt tvö kjörtímabil, en meginráðstafanir hennar í efnahagsmálum tóku gildi í febrúarmánuði 1960. „Viðreisnarstefnan“ svonefnda hefur þannig 6 ára reynslutíma að baki, en árangurinn er því miður sá, að verðbólgan og dýrtíðin hafa sjaldan eða aldrei magnaðri verið og eru á góðri leið með að kaffæra undirstöðuatvinnuvegi landsmanna í óbotnandi feni sínu, svo og eðlilega fjárhagsafkomu almennings. Hitt er einnig og ekki síður alvörumál, að hin öra verðbólguþróun hefur riðið fjárhag ríkissjóðs á slig með þeim afleiðingum, að verulegur greiðsluhalli hefur orðið tvö síðustu ár. Þarf þetta sízt af öllu að koma á óvart, því að fáum stafar meiri hætta af eyðingarafli verðbólgueldsins en ríkissjóði. Í þessu sambandi er ástæða til þess að benda á, að halli ríkissjóðs stafar ekki af því, að áætlaðar ríkissjóðstekjur hafi

brugðizt. Þvert á móti, ríkissjóðstekjur hafa farið fram úr áætlun. Hallinn stafar af verðbólguvexti og verðryrnun gjaldmiðils þjóðarinnar. Auknir skattar og niðurskurður verklegra framkvæmda hafa lítt stöðað til þess að vega upp á móti eyðingar-mætti verðbólgunnar.

Á hitt er að líta, að vegna óvenjulega góðs árferðis, nýrrar veiðitækni og frábærra viðskiptakjara hefur framleiðsla landsmanna vaxið hröðum skrefum, svo og þjóðartekjur, enda mjög blómlegt athafnalíf víða um land, einkum á Austfjörðum og á Suður- og Suðvesturlandi. Hefur þetta fært þjóðinni miklar uppgripatekjur á fáum árum og valdið gífurlegri eftirspurn eftir vinnuafli, sem mjög skortir á að sé fullnægt. Hér hefur því ríkt vinnuafllsskortur og gerir enn. Fyrirhugaðar stóriðjuframkvæmdir, að viðbættum auknum varnarliðsframkvæmdum, hljóta að magna þensluna á vinnumarkaðnum. Miðað við reynsluna að undanfögnu og það jafnvel þótt eitthvað drægi úr sjávarafli, virðist augljóst, að innlent vinnuafli er ekki fyrir hendi til þess að mæta þörfinni á næstu árum. Sú hætta vofir yfir, að undirstöðuatvinnuvegir þjóðarinnar eigi við vaxandi erfiðleika að etja af þessum sökum, þ. e. að vinnuaflið leiti frá þeim til stóriðjuframkvæmdanna, og jafnframt hefjist nýtt kapphlaup um vinnuaflið, sem sízt mun orka til bóta á þensluna í efnahagslífinu. Er þá verr farið en heima setið, því að ekkert mál krefst skjótari úrlausnar, ef hér á að dafna eðlilegt efnahags- og stjórnmalalíf í framtíðinni, en að stöðva verðþensluna og sameina alla þjóðina, stéttasamtök og stjórnmalaflokka, um það markmið.

Ríkisstjórnin hefur að sjálfsögðu ekki komizt hjá að viðurkenna, að stóriðjuframkvæmdirnar eru að þessu leyti ótímabærar. Í aðalsamningi hennar við svissneska álfélagið, svo og í allri meðferð málsins að undanfögnu, er ráð fyrir því gert að flytja inn vinnuafli eftir þörfum. En framkvæmd þess máls er ýmsum vandkvæðum bundin og getur ekki komið í veg fyrir hagsmunaárekstra milli erlendu stóriðjunnar og íslenzkra atvinnuvega. Er mikil hætta á, að hinir íslenzku atvinnuvegir verði undir í þeim leik. Einnig er sú hætta fyrir hendi og má raunar telja vísa, að örar stóriðjuframkvæmdir næstu ára komi niður á opinberum framkvæmdum og leiði m. a. til beins eða óbeins samdráttar í svo nauðsynlegum framkvæmdaþáttum sem samgöngum og skólabyggingum, auk margs annars, sem nauðsyn ber til að auka og efla.

#### Óviðunandi réttarfarsákvæði o. fl.

Eitt af einkennum álbræðslusamninganna er óviðfelldinn heildarblær á framsetningu, sem m. a. birtist í lítilsvirðingu og vanmati á íslenzkum lögum og réttarfari. Þá ber einnig að vekja athygli á því, að hin íslenzka gerð samninganna, sem ætlað er að staðfesta með lögum, er allt of víða óvönduð í þýðingu, eins og hún liggur fyrir, og ber þess merki, að hún er unnin í miklum flýti. Með þessu er ekki verið að kasta rýrð á þýðendurna, sem eru vel færir í sínu starfi, heldur aðeins bent á, að þeir hafa ekki haft nægan tíma til þess að yfirfara og laga verk sitt. Því miður er ógerlegt að lagfæra hinn óviðfelldna heildarblær samninganna, sem fyrr er á minnzt, en málfar, ónákvæmni og rangtúlkun má lagfæra og er nauðsyn að gera, enda fá þýðendur tækifæri til þess að bæta um verk sitt.

Samkvæmt 46. og 47. gr. samningsins er ákveðin sérstök og óvenjuleg leið til að fá skorið úr deilumálum, sem rísa kunna út af stóriðjusamningunum eða í sambandi við þá. Gilda þær sérstöku reglur um ágreiningsmál á milli svissneska álfélagsins, íslenzka álfélagsins og minni hluta hluthafa annars vegar og ríkisstjórnarinnar, Landsvirkjunar og Hafnarfjarðarkaupstaðar hins vegar. Gildir einu, hvort ágreiningur er út af aðalsamningnum, orkusölusamningi, hafnar- og lóðarsamningi eða aðstoðarsamningum.

Þessi ágreiningsmál eru tekin undan lögsögu íslenzkra dómstóla, nema samkomulag verði um það milli Alusuisse og ríkisstjórnarinnar að vísa slíkri deilu til íslenzkra dómstóla eða íslenzks gerðardóms. Deilumál þessi öll, sem tekin eru

undan lögsögu íslenzkra dómstóla, eiga að fara fyrir eins konar alþjóðlegan gerðardóm, sem sitja skal í útlöndum og skipaður skal fulltrúum frá aðilum, en oddamaður tilnefndur af forseta Alþjóðadómstólsins — eða af aðalforstjóra Alþjóðabankans, ef nægilega mörg ríki fullgilda alþjóðasamninginn um lausn fjárfestingardeilna og Sviss gerist aðili að honum.

Þetta gerðardómsfyrirkomulag væri ekki athugasvert, ef um væri að ræða venjulegan milliríkjasamning. En hér er ekki um samning milli tveggja ríkisstjórna að tefla, heldur samninga ríkisstjórnarinnar, Landsvirkjunar og Hafnarfjarðarkaupstaðar við einkafyrirtæki — svissneska álfélagið og íslenska álfélagið. Ágreiningsmál út af slíkum samningum, sem hér á landi rísa, heyrja eftir viðurkenndum réttarfarsreglum undir íslenska dómstóla, og skiptir engu, hvort málsaðili er innlendur eða útlendur. Það er á allan hátt óeðlilegt að taka ágreining Alusuisse við íslensk stjórnvöld undan lögsögu íslenzkra dómstóla. Hitt er þó enn fráleitara, að taka ágreiningsmál við íslenska álfélagið, sem að nafninu til er íslenskt félag, skrásett hér á landi og hefur stjórn, sem að meiri hluta er skipuð íslenskum ríkisborgurum, undan íslensku dómssvaldi. Það er furðulegt, að ríkisstjórninni skuli detta í hug að semja ágreining íslenska álfélagsins við Hafnarfjarðarkaupstað eða Landsvirkjun, sem eru sérstakir og sjálfstæðir réttaraðilar, undan lögsögu íslenzkra dómstóla. Slíkt er að okkar dómi ekki hægt að samþykkja. Þessi gerðardómsákvæði lýsa öll vantrausti á íslenskum dómstólum og íslensku réttarfari. Þau hljóta að byggjast á þeirri ímyndun eða skoðun, að hér sé ekki fullkomið réttarríki. Hefur aðalforstjóri Alusuisse staðfest það í blaðaviðtali, að íslenskum dómstólum sé ekki treyst til að fara með þessu mál, m. a. vegna þess, að hann telur þá skorta reynslu í þeim efnum. Gerðardómsákvæðin, eins og þau eru vaxin, fela því í sér óverðskuldaða lítilsvirðingu á íslenskum dómstólum. Við erum þeim algerlega andvígir. Og þau væru ein út af fyrir sig næg ástæða til að hafna þessum samningum.

#### Raforkuverðið.

Samningurinn gerir ráð fyrir orkuverði, sem nemur 2.5 mills eða 10.75 aurum á kílóvattstund. Þetta orkuverð er mjög lágt, og munu þess fá dæmi, að samið sé um svo lágt orkuverð annars staðar. Í Noregi er hliðstætt orkuverð nú 3.2 mills eða 13.75 aurar á kwst. Jafnvel í Ghana er orka frá hinni geysihagkvæmu stórvirkjun í Voltafljóti seld til stóriðju á 2.65 mills eða 11.4 aura á kwst. Í Grikklandi var nýlega samið um orkusölu til stóriðju á verði, sem nam rúml. 3 mills, en sá samningur leiddi til svo almennrar óánægju þar og stjórnmalalegra erfiðleika, að nauðsynlegt reyndist að ógilda hann og semja um mun hærra raforkuverð, eða ca. 4 mills.

En það er ekki aðeins í samanburði við erlent orkuverð, sem 10.75 aurar á kwst. er lítið. Ef lítið er á íslenskar aðstæður og virkjunarskilyrði, kemur í ljós, að þetta orkuverð er langt undir almennum framleiðslukostnaði raforku í landinu á næstu áratugum. Í grg. með frv. um Landsvirkjun á síðasta Alþingi (Alþt. 1964, A. bls. 1385) var birt línurit um verðdreifingu vatnsafls Íslands. Kemur þar í ljós, að það er aðeins mjög lítil hluti virkjanlegs afls hér á landi, sem hægt er að gera ráð fyrir að megi beizla á þessu verði. Af rúmlega 30000 Gwh ársorku, sem virkjanleg er talin í landinu, eru aðeins um 8—9 þús. Gwh talin virkjanleg við kostnaði, sem sé innan við 15 aura á kwst., og af því á nú þegar að selja rúmlega 1000 á 10.75 aura. Óhugsandi er, að þetta verði talin hagkvæm ráðstöfun, þegar fram líða stundir. Verðið er augsýnilega of lágt.

Í norskum raforkusamningum af þessu tagi eru ákvæði um endurskoðun á 5 ára fresti. Í þeim samningi, sem hér liggur fyrir, er ekkert hliðstætt að finna, þó að þess sé þeim mun ríkari nauðsyn, sem raforkuverðið er lægra. Endurskoðun sú, sem samkvæmt þessum samningi á að fara fram árið 1984, tekur einungis til þess þáttar orkuverðsins, sem stafar af viðhaldskostnaði og gæzlu, sem er aðeins sára-

lítill þáttur, þar sem fjármagnskostnaðurinn er meginþáttur verðsins, en þær endurskoðanir, sem fram eiga að fara árin 1994 og 2004, eiga að fara fram eftir reglum, sem eru ákveðnar í samningnum og eru okkur mjög óhagstæðar, ekki sízt vegna þess, að þær gefa álbræðslunni kost á tveim ólíkum viðmiðunum, og getur hún valið þá, sem lægri er. Eru því hverfandi líkur á því, að raforkuverðið geti orðið hagstæðara síðar á samningstímabilinu, sem nær til 2014, og alls ekki fyrr en árið 1994.

En þá verðum við farnir að virkja mun dýrari orku fyrir okkur sjálfa.

#### Skattamál.

Bræðslan á að búa við sérstakar reglur í skattamálum. Í stað allra opinberra skatta á hún að greiða fast gjald á framleiðslueiningu, en upphæð þess hefur verið ákveðin — að því er sagt er — á þann hátt, að núgildandi skattlagningarreglum hefur verið beitt á rekstraráætlanir bræðslunnar. Mun það einsdæmi, að skattaálagning sé þannig byggð á rekstraráætlun fyrirtækis, og er það næsta ólíkt því, sem íslensk fyrirtæki eiga að búa við, þar sem þau verða að skila nákvæmum framtölum, sem síðan fara undir smásjá skattaeftirlits og skattalögreglu.

Nú er það staðreynd hér á landi sem annars staðar, að með vaxandi kröfum til margvíslegrar samfélagsþjónustu fer tekjuþörf hins opinbera vaxandi ár frá ári. Bræðslunni er ekki ætlað að standa undir þeirri auknu þörf, þar sem hún er undanþegin öllum skattahækkunum, sem síðar kunna að verða.

Framleiðslugjöld af þessu tagi hafa ekki verið tekin upp annars staðar við hliðstæðar aðstæður, svo að vitað sé. Norðmenn hafa ekki slík gjöld, en skattleggja fyrirtæki af þessu tagi eftir venjulegum gildandi skattareglum. Þeim er þó vel ljóst, að við er að glíma mikinn vanda í þessu efni, sem stafar af því, að hringar eins og alúminhringarnir selja verksmiðjum sínum hráefni og þjónustu og kaupa af þeim fullunna vöru. Þeir ráða verðlagningu þessa varnings og þar með rekstrarafkomu. Með því að taka hagnað sinn á t. d. hráefnissölu geta þeir í rauninni skotið sér undan skattgreiðslum að verulegu leyti.

Frá þessu sjónarmiði gæti framleiðslugjald verið réttlæt看legt, ef það væri fundið út með eðlilegum hætti, væri háð þeim breytingum, sem yrðu á íslenskum skattalögum, og kæmi í veg fyrir flóknar deilur um skattamál fyrirtækisins. Engu af þessu er hins vegar til að dreifa, ekki einu sinni varðandi hið síðastnefnda, því að samkvæmt samningnum á bræðslan ekki að borga meira en 50% af tekjuafgangi sínum í framleiðslugjöld. Fari þau fram úr því, myndast skattinnstæða, sem bræðslan á hjá ríkinu og endurgreiðist samkvæmt settum reglum og vissum takmörkunum. Íslensk yfirvöld komast þannig engan veginn hjá að grandskoða reikninga bræðslunnar og meta tekjuafgang hennar, og sá vandi, sem leysa átti, er jafnóleystur eftir sem áður. Öll ákvæði vantar um það, hvernig hráefni skuli verðleggja.

Ákvæðin um það, að framleiðslugjaldið skuli ekki fara fram úr 50% af tekjuafgangi, munu væntanlega leiða til þess, að skattgreiðslur bræðslunnar á fyrstu árunum muni aðeins verða lán, sem síðar þurfi að endurgreiða með 6% vöxtum.

Rekstraráætlanir bræðslunnar benda ekki til þess, að vænta megi mikils tekjuafgangs fyrstu árin, og myndast þá skattinneign. Getur vel svo farið, að þegar framleiðslugjaldið á að hækka síðar á samningstímabilinu, fari öll hækkunin til að endurgreiða skattinnstæðuna og skattgreiðslan fari þannig aldrei fram úr 20 dollurum á tonn.

#### Röskun á jafnvægi í byggð landsins.

Ljóst er, að fyrirhugaðar stóriðjuframkvæmdir í Straumsvík munu auka mjög jafnvægisleysi í byggð landsins. Er óhætt að fullyrða, að þeir landshlutar, sem nú eiga við atvinnuerfiðleika að etja, eru í mikilli hættu vegna hins sterka aðdráttar-afis, sem stóriðjuframkvæmdirnar óneitanlega hafa.

Því miður hefur þess ekki verið gætt, að staðsetning álverksmiðjunnar skiptir miklu máli, meðan svo háttar í landinu, að sumir landshlutar eiga við beina eða tiltölulega fólksfækkun að stríða, og m. a. vegna skipulagsleysis í sambandi við atvinnu- og félagslega uppbyggingu í landshlutunum. Stóriðja á mesta þéttbýlis- og þenslusvæði landsins hlýtur óhjákvæmilega að magna þennan vanda. Það ber því mjög að harma og víta, að þannig skyldi ekki staðið að samningsviðræðum frá upphafi, að stóriðjan gæti, ef til kæmi og hagstæðir samningar næðust, orðið til þess að skapa nýjan atvinnugrundvöll í þeim landshlutum, þar sem segja má að horfi til afturfara vegna fólksfækkunar. Hin skaðlegu efnahagsáhrif, sem stóriðjunni hljóta að fylgja á mesta þéttbýlis- og þenslusvæði, þar sem atvinna er svo mikil, að skortur er vinnuafis, yrðu hverfandi lítil við slíkar aðstæður, en mundu hins vegar leysa úr læðingi ýmsa orku, sem nú fær ekki notið sín. Telja má víst, að umhverfis álver af þeirri stærð, sem ætlað er að reisa hér á landi, geti risið byggðarlag með nokkrum þúsundum íbúa, þegar allt er talið. Má segja, að um minna muni í landshlutum, þar sem fólksfækkunin er þegar staðreynd eða yfirvofandi.

Ríkisstjórnin virðist a. m. k. stundum vera sér þess meðvitandi, að Straumsvikurverksmiðjan muni hafa óheppileg áhrif á jafnvægi í byggð landsins. Hins vegar hefur hún fundið upp nokkurt snjallræði — eða hitt þó heldur — til þess að vega upp á móti röskunaráhrifunum. Jafnframt því, sem ríkisstjórnin leggur álsamningana fram til staðfestingar, flytur hún frumvarp til laga um svonefndan „atvinnuöfnunarsjóð“, sem m. a. er ætlað að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, samkv. ákvæðum frv. um markmið sjóðsins. Aðaltekjustofn „atvinnuöfnunarsjóðs“ er hluti af skatttekjum vegna álbræðslunnar í Straumsvík. Því er þeirri kenningu á loft haldið, að álbræðslan fyrirhugaða verði síður en svo til þess að raska byggðajafnvæginu, heldur stuðli beinlínis að jafnvægi í byggð landsins!

Þessi kenning er að sjálfsögðu röng.

Það lýsir mikilli skammsýni, ef menn trúá því, að tiltölulega litlar upphæðir, miðað við umsvif og fjármagn stóriðjunnar, verði til þess að vega upp á móti röskunaráhrifum hins erlenda risafyrirtækis. Þess er og að gæta, að röskunaráhrifin frá álbræðslunni og öðrum stórframkvæmdum, sem á döfinni eru, dynja allsnögglega yfir, áður en atvinnuöfnunarsjóður fer að fá tekjur af álbræðsluskattinum. Sjóðurinn verður því ærið máttvana gagnvart því heljarafli, sem stóriðjuframkvæmdirnar eru, ekki sízt fyrst í stað.

Gjarnt er forsvarsmönnum álbræðslumálsins að vísa til fordæmis Norðmanna, sem laða mjög að sér erlent fjármagn og hafa mörg útlend eða hálfútlend fyrirtæki starfandi í landi sínu. Hitt er furðulegra, að þeir, sem sífellt eru að vekja athygli á þessari stefnu Norðmanna okkur til fordæmis, minnst nær aldrei á hitt, að Norðmenn hafa allfastmótaða stefnu um staðsetningu og dreifingu iðnaðarfyrirtækja í því skyni að efla jafnvægi í byggð landsins, enda eiga Norðmenn við sömu erfiðleika að etja og við Íslendingar hvað þau mál snertir.

Upplýst er, svo að ekki verður vefengt, að Swiss Aluminium varð að gangast undir sérstakt staðsetningarskilyrði í sambandi við byggingu álbræðslu sinnar í Húsnesi á Hörðalandi. Ekki hafði Swiss Aluminium mikinn hug á að staðsetja verksmiðju sína á þessum fámenna útskaga, en norska ríkisstjórnin hafði það ákveðna markmið í huga að byggja upp atvinnulíf á Hörðalandi, og undir það varð Swiss Aluminium að beygja sig, enda ákvörðunarástæða af hálfu ríkisstjórnarinnar.

#### Ýmis forréttindaaðstaða og undanþágur.

Rekstrarfélagið, Íslenzka álfélagið h/f, nýtur margs konar forréttinda miðað við önnur atvinnufyrirtæki í landinu. Félagið er m. a. undanþegið aðflutningsgjöldum af efni og tækjum, sem það eða verktakar þess flytja inn til byggingar bræðslunnar. Sama gildir og um hráefni, vélar o. fl., sem það flytur inn til rekstrar bræðslunnar. Ál frá bræðslunni og afgangshlutir, sem út verða fluttir, verða und-

anþegin útflutningsgjöldum. Erlendu starfsfólki, sem hingað kemur á vegum Íslenzka álfélagsins h/f, verður heimill tollfrjáls innflutningur á heimilismunum.

Vert er að benda á, að auk hinnar sérstöku aðstöðu, sem álbræðslunni er fengin með tollfríðindum, miðað við íslensk atvinnufyrirtæki, skapast hið mesta vandamál í sambandi við tolleftirlit og aðra löggæzlu á athafnasvæði álbræðslunnar. Er ekki að efa, að Straumsvík liggur undir stórhættu sem hreiður smygls og lögbrota. Verður að gera viðhlítandi ráðstafanir til þess að halda uppi löggæzlu á athafnasvæði verksmiðjunnar og koma í veg fyrir smyglstarfsemi, sem ætla má að geti þróast í sambandi við hið víðtæka tollfrelsi álbræðslunnar.

Þá þykir okkur nauðsyn að benda á, að bæði er óvarlegt og óeðlilegt að undanþiggja álbræðslufélagið þeirri kvöð að byggja gaseyðingartæki í sambandi við rekstur sinn. Upplýst er, að Straumsvíkurverksmiðjan verður eina verksmiðjan af 10 verksmiðjum Swiss Aluminium í fjöldamörgum löndum, sem ekki er búin gaseyðingartækjum. Félagið getur því almennt ekki búizt við því að fá að reisa verksmiðjur án slíkra tækja. Hvað þetta atriði snertir hefur ríkisstjórnin því hreinlega samið af sér.

Samkv. skýrslu rannsóknarstofnunar iðnaðarins, dags. 21. marz 1966, sem birt er sem fylgiskjal með frumvarpi þessu, segir, að „aðstæður til rannsókna á þessu máli voru engar hér á landi, og varð því að styðjast við reynslu og aðstæður, er fyrir voru í Noregi og Ameríku. Landfræðilegar og veðurfræðilegar aðstæður eru þar öllu óhagstæðari en hér, og ætti það eitt að tryggja, að hættumörkin eru sennilega mun þrengri.“

Við undirritaðir nefndarmenn teljum, að ekki séu öll tvímæli tekin af um hættuna af eiturgastegundum frá álbræðslunni, og álitum, að með því að undanþiggja álbræðsluna skyldunni til þess að búa verksmiðjuna gaseyðingartækjum sé lagt inn á varhugaverða braut.

Eins og mál þetta allt er vaxið, teljum við rétt, að frumvarpinu sé vísað frá. Verði sú tillaga felld og frv. afgreitt til 3. umræðu, munum við við þá umræðu leggja til, að málið verði horið undir þjóðaratkvæði.

Með tilvisan til framanritaðs leggjum við undirritaðir til, að málið verði afgreitt með eftirfarandi

#### RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Vegna þess, hvornig ástatt er í atvinnu- og efnahagslífi landsmanna, og þar sem samningur sá, sem frumvarpinu fylgir, er óaðgengilegur, ályktar deildin að vísa frumvarpinu frá og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 15. apríl 1966.

Ingvar Gíslason, Þórarinn Þórarinsson.  
frsm.